



Yfirlýsing frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ)

Stjórn SFÚ lýsir fullum stuðningi við þá kröfu sjómanna að tvöföld verðmyndun í sjávarútvegi verði afnumin, allur fiskur fari á markað og að markaðsverð verði framvegis skiptaverð. Slíkt fyrirkomulag leiðréttir kjör flestra sjómanna og jafnar kjör hjá stéttinni. Ennfremur stuðlar afnám tvöfaldrar verðmyndunar að eðlilegu og réttlátu samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi.

Þá tekur stjórn SFÚ undir það með forystumönnum sjómanna að óþolandi er að viðsemjendur þeirra hafa um langt árabil neitað að ganga frá raunhæfum samningum þannig að sjómenn hafa verið með opna kjarasamninga í sex ár. Þeir hafa í raun verið samningslausir allan þann tíma.

Stjórn SFÚ lýsir alvarlegum áhyggjum sínum af stöðu mála í kjaraviðræðum sjómanna og útgerðar. Því miður virðist nú stefna í sjómannaverkfall 10. nóvember. Slíkt verkfall getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjálfstæða fiskframleiðendur og ógnað rekstrargrundvelli þeirra. Ekki þarf að fjölyrða um áhrif þess til skemmri og lengri tíma á þjóðarþúið í heild, ef verkfall skellur á og dregst á langinn.

Því skorar stjórn SFÚ á deiluaðila að ganga til samninga um réttlát kjör sjómanna og eðlilegt samkeppnisumhverfi í íslenskum sjávarútvegi.

Reykjavík, 19. október 2016

F.h. stjórnar SFÚ

Jón Steinn Elíasson [sign.]

Jón Steinn Elíasson
formaður